

## REGLUGERÐ

### um holræsi í Húsavíkurkaupstað.

#### 1. gr.

Pegar Húsavíkurkaupstaður hefur látið leggja holræsi í veg, götu eða annað opið svæði eða þar sem bærinn hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun holræsa, er þeim húseigendum, er þar eiga húseignir að eða í námunda við og til holræsa geta náð, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, er flytji allt skólp frá því út í aðalræsið.

Regnvatn af húsum og lóðum skal einnig ef unnt er leiða í ræsið eða í sérstakt regnvatnsræsi, ef gert er.

Vanræki einhver að láta gera holræsi innan hæfilegs frests, sem bæjarstjóri ákveður, getur bærinn látið vinna verkið á kostnað húseiganda.

#### 2. gr.

Húsavíkurbær lætur leggja holræsa stúta út frá aðalræsi í nýjum götum, sem hann lætur byggja eftir 1. janúar 1972. Skulu stútar þessir ná út fyrir götu að lóðarmörkum húsa, sem lóð eiga að götu, en annars að efri brún gangstéttar. Leggi bærinn hluta holræsaheimlagar lengra en út fyrir efri brún gagnstéttar eða inn fyrir lóðarmörk húseiganda skal það verk unnið skv. reikningi og á kostnað húseiganda.

Við raðhús eða fjölbýlishús skal um holræsa stúta fara eftir nánari skilmálum um lóðarúthlutun.

Séu gerðir sérstakir holræsa stofnar fyrir regnvatn er húseigendum skylt að hafa sérstakt frárennsliskerfi fyrir regnvatn og tengja það við lóðarmörk sín skv. nánari fyrirmælum bæjartæknifræðings eða bæjarstjóra. Verði ágreiningur um túlkun þessarar greinar sker bæjarráð úr.

#### 3. gr.

Bæjarstjóri og bæjartæknifræðingur undir yfirstjórn bæjarráðs fara með stjórn framkvæmdamála, er varða holræsa kerfi bæjarins svo sem viðhald, endurbætur, viðauka og umsjón alla.

Heimilt er bæjarstjórn eða bæjarráði að fela sérstökum umsjónarmanni yfir- umsjón með holræsa kerfinu.

Áður en húseigandi byrjar að leggja ræsi sitt skal hann skýra bæjartæknifræðingi eða umsjónarmanni frá því og fá samþykki þar til. Skal hann leggja fram teikningu af frárennsliskerfi sínu, er krafizt verður. Skylt er húseiganda að hlýða fyrirmælum bæjartæknifræðings eða umsjónarmanns í öllu því, er að tilhögun og lagningu ræsanna lýtur, enda hafi starfsmenn bæjarins ávallt eftirlit með því að vel og örugglega sé frá öllu gengið.

#### 4. gr.

Allt efni, sem notað er til holræsa gerðar, skal standast þær kröfur, sem til slíks eru gerðar í byggingasamþykkt, en auk þess getur bygginganefnd sett reglur um holræsaefni t. d. ef um nýjungar á því sviði er um að ræða. Bæjartæknifræðingur getur gert kröfur um sérstaka hreinsibrunna á holræsa kerfi húseiganda, þar sem ástæða þykir til.

#### 5. gr.

Bannað er að láta renna í holræsa kerfið sýrur, sterkan lút, olfur, kvikasilfur eða önnur efni, sem valdið geta skemmdum á holræsa kerfinu eða varanlegri mengun.

**6. gr.**

Kostnaður við aðalholræsakerfið greiðist úr bæjarsjóði, en til að standast þann kostnað ber húseigendum, sem húseignir eiga við götu, veg eða opið svæði, þar sem holræsi er lagt í, að greiða stofngjald, sem nemur kr. 10.00 á hvern rúmmetra húseignarinnar. Stofngjaldið skal greiðast áður en tenging við aðalræsi er leyfð.

Auk stofngjalds á hverri húseign, sem tengd er holræsakerfi bæjarins eða holræsi sem bærinn hefur yfirtekið og eins um húseignir, sem vegna sérstakra aðstæðna þurfa ekki að tengjast aðalholræsakerfinu, skal húseiganda skylt að greiða árlegt holræsagjald, sem nemur 0,05% — hálfst pró mille — af hinu opinbera fasteignamati húss eins og það er reiknað á hverjum tíma.

Undanþága frá greiðslu hins almenna fasteignaskatts skapar ekki undanþágu frá greiðslu holræsaárgjalds.

Heimilt skal bæjarráði að lækka stofngjald skv. þessari grein í sérstökum tilvikum svo sem við byggingu fjölbýlishúsa.

**7. gr.**

Holræsagjaldið greiðist af húseiganda og er hann einn ábyrgur fyrir greiðslu þess gagnvart bæjarsjóði.

Kröfur, sem bæjarsjóður kann að öðlast skv. reglugerð þessari má taka lög taki á kostnað gjaldenda og eru gjöld þessi tryggð með lögveði í húseigninni í næstu 2 ár eftir gjalddaga með fasteignaveði fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Gjalddagi holræsaárgjalds er 1. janúar ár hvert, en bæjarstjórn getur ákveðið að innheimta það í fleiri gjalddögum árlega um leið og hinn almenni fasteignaskattur er innheimtur.

**8. gr.**

Ákvæði þessarar reglugerðar ná til allra holræsa, sem bærinn hefur látið gera enda annist hann viðhald og endurnýjun þeirra annarra en ræsa, sem eru hluti af frárennislögn fasteignar og innan lóðarmarka hennar. Húseigendum er og skylt að annast viðhald og endurnýjun þeirra annarra en ræsa, sem eru hluti af frárennislögn fasteignar og innan lóðarmarka hennar. Húseigendum er og skylt að annast viðhald og endurnýjun ræsa frá húsum sínum að aðalræsi, sbr. ákvæði 3. gr. um fyrirsmáli bæjartækniþræðings eða umsjónarmanns.

**9. gr.**

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 200 000.00 krónum nema þyngri refsing liggji við að lögum.

Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal farið með sem opinbert mál.

Reglugerð þessi, sem samín er og samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkur, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 198 23. des. 1958 um holræsi í Húsavík-urkaupstað.

*Félagsmálaráðuneytið, 2. marz 1972.*

**Hannibal Valdimarsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*